

Borgarstjórn Reykjavíkur
19. október 2021

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um uppbyggingu í skólumálum í Grafarvogi

Borgarstjórn samþykkir að fallið verði frá því að þrengja að vaxtarsvæði Borgarholtsskóla í nýju aðalskipulagi. Korpuskóli verði opnaður á ný fyrir börn í Grafarvogi með því að hraða uppbyggingu í kringum Staðahverfi.

Greinargerð

Lagt er til að Borgarholtsskóli fái tryggt rými til þess að stækka og uppbyggingu hjúkrunarheimilis sem fyrirhuguð er á lóð við hlið skólans verði fundinn önnur og heppilegri staðsetning. Því miður hefur ekki verið tekin umræða á breiðum grundvelli með öllum hagsmunaaðilum um hvernig nýta megi þetta svæði í hjarta Grafarvogs til hagsbóta fyrir fjölbreyttan hóp íbúa. Þá er mikilvægt að hefja uppbyggingu íbúðarhúsnæðis á þeim reitum sem kynntir voru fyrir borgarstjórnarkosningarnar 2018 og eru staðsettir í kringum Staðahverfið í Grafarvogi. Samhliða þeirri uppbyggingu verði Korpuskóli, grunnskóli sem lokað var árið 2020, opnaður aftur svo börn úr hverfinu geti sótt skóla í sínu nærumhverfi á ný.